

Framkvæmdaráðsfundur

26. júlí 2007

Fundargerð

Framkvæmdaráð SSA

Símafundur 26. júlí 2007 kl. 16.00

Mættir eru: Bj.Hafþór Guðmundsson, Ólafur Ármannsson, Guðmundur R. Gíslason og framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á síma og setti fund kl. 16.00.

2. Fundargerð stjórnar SSA 25. júní 2007.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

2/2 Ályktun stjórnar SSA 9.júlí v/ kvótaskerðing og aflasamdráttur.

Formaður fór yfir helstu áherslur ályktunarinnar, en hún hafði verið send forsætisráðherra, ríkisstjórn, byggðamálaráðherra, félagsmálaráðherra, samgönguráðherra, sjávarútvegsráðherra, aðildarsveitarfélögum SSA, þingmönnum Norðaust og Suðurkjördæmis og Landshlutasamtökum. Einnig ræddi hann um eftirfylgni hennar.

Framkvæmdastjóri sagði að S.Í.Sv (Hag og upplýsingasvið) hafi tilkynnt að það hafi fengið Hagfræðistofnun H.Í til aðgera úttekt á áhrifum fyrrirleggjandi skerðingar á fjárhag sveitar og hafnarsjóða. Ekki liggja niðurstöður fyrir.

Ó. Á. sagði að ekki mætti gleyma því að hér væri um viðbótarvanda að ræða hjá allmörgum sjávarbyggðum á landsbyggðinni og staðan væri mjög alvarleg hjá þeim mörgum. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur fjallað um stöðuna og sent frá sér ítarlega ályktun. G.R.G sagði að bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð væri þessa dagana að funda með hagsmunaaðilum og fara yfir stöðuna. Formaður sagði að ekki liggi fyrir hvaða áhrif skerðingin hefur á sveitarfélagið Djúpavog, stærsti kvótahafinn (Vísir) er með sínar höfuðstöðvar syðra og ekki hefur náðst í þá til að fjalla um með hvaða hætti þeir hyggest bregðast við. Staða Djúpavogshrepps er erfið eins og kunnugt er og ekki mun þetta ástand bæta hana.

Framkvæmdastjóri upplýsti eftir viðtal við bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar og framkvæmdastjóra Gullbergs e.hf. og Brimbergs ehf að skerðingin komi mjög illa við útgerð og vinnslu. Brimberg, bolfiskvinnsla, er stærsti vinnuveitandinn í bænum og Gullberg, útgerð, sér vinnslunni að stærstum hluta fyrir hráefni.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar og fyrirtækin eru að fara yfir stöðuna.

Samþykkt að framkvæmdastjóri fylgist með framvindu. Málið verður á dagskrá stjórnarfundar í ágúst.

2/3 Ályktanir aðildarsveitarfélaga sem borist hafa: *Lagðar fram.*

Bæjarráð Hornafjarðar 9.07.07

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps 12.07.07.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs 11.07.07

3. **Frá Landshlutasamtökum . Lagt fram til kynningar .**

3/1 Eyþing stjórn 182. fundur. 14. júní 2007.

Eyþing Ályktun stjórnar 12. júlí v/ niðurskurðar á aflaheimildum.

3/2 SASS 404. fundur 6. júní 2007.

3/3 SSV Yfirlýsing frá stjórn 10. júlí v/ 30% kvótasamdrátt í þorski.

3/4 SSNV Ályktun stjórnar v/ niðurskurðar á aflaheimildum.

3/5 FSV 05.07.07 Boð á 52. þing FSV Tálknafirði 7.-8. sept. nk.

4: **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.

4/1 Fundargerð stjórnar 744.fundur 22.06 “07

Í umræðum kom fram ósk um að fulltrúi Austurlands í stjórn, Smári Geirsson, komi á ágúst fund stjórnar SSA á Borgarfirði til m.a. að upplýsa stjórnina um starfsemi og áherslur Sambandsins .

Framkvæmdastjóra og G.R.G falið að koma þeirri ósk á framfæri við Smára.

4/2 Bréf M.K.H til SSA 25.06.07 : Efni : Erindi SSA frá 22.06.07.

4/3 Námskeið fyrir sveitarfélög/samningsstjórnun 13.-14. ágúst . Bréf 26.06.

5. **Flýtiframkvæmdir í vegagerð / Samgönguráðherra 10. 07.07.**

5/2 Bæjarráð Fljótsdalshéraðs 12.07.07 Fyrirhugaðar vegbætur um Öxi .

5/3 Djúpvogur/sveitarstjóri 10.07.07. Samgöngubætur á Öxi.

Ó. Á. upplýsti að nú liggi fyrir , eftir fund með samgönguráðherra , að framkvæmdir við tengingu Vopnafjarðar við þjóðveg eitt hefjist með útboði í ágúst. Allar samgöngubætur í landshlutanum eru af hinu góða sagði ÓÁ, undir það tók GRG.

Formaður sagðist ánægður með að framkvæmdir við Axarveg eru nú komnar á “beinu brautina”og sýni í raun kjark hjá nýjum samgönguráðherra að taka þessa tímamóta ákvörðun. Hann lýsti yfir ánægju með flýtingu á göngum milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Framkvæmdastjóri tók undir með ÓÁ og BHG og segir að með ákörðun ráðherra um

Axarveginn nú eigi að vera úr sögunni sá “áherslu-ágreiningur “sem hefur verið honum tengdur. Einnig ræddi hann um” afstöðu/skoðun” sumra starfsamanna Vr, þingmanna og ráðherra til einstaka vegframkvæmda og hvaða áhrif þær hafa og geta haft á forgangsroðun og ákvarðanatöku.

Þekkt er að Vr er íhaldssöm stofnun og á kanske að vera það ??

6. Starfsendurhæfing Austurlands. Stofnfundur 19.07.07.

Greinargerð um starfsendurhæfingu Austurlands .Sverrir Albertsson 10.06.

Framkvæmdastjóri sem sat stofnfundinn fór yfir helstu þætti fyrirhugaðrar starfsemi sem m.a, byggir á góðum árangri Starfsendurhæfingar Norðurlands . Sérstakur starshópur sem í voru fulltrúar Afls-ÞFA og ÞNA vann gott verk við undirbúning og kallaði saman hagsmunaaðila til stofnfundarins. Hugmyndafræðin gengur út á að fólk leiti til endurhæfingar , vandi þess verði greindur og áætlun gerð. Endurhæfing fer síðan fram í heimabyggð. Kynnt voru drög að skipulagsskrá, sem fékk allnokkrar athugasemdir á stofnfundinum. Aðkoma sveitarfélaga var m.a til umræðu. Undirbúningsstjórn sem kosin var á fundinum mun fara yfir skipulagsskrána og hafa frekara samband við væntanlega stofnaðila fyrir framhaldsstofnfund sem fyrir hugaður er í ágúst/sept.

Framkvæmdastjóri leggur til svohljóðandi tillögu :

Framkvæmdaráð SSA samþykkir að leggja til við stjórn SSA að SSA gerist stofnaðili að Starfsendurhæfingu Austurlands .

Samþykkt samhljóða.

7. Staða verkefna SSA og samstarfsaðila.

Framkvæmdastjóri fór lauslega yfir framvindu helstu verkefna og vísaði m.a. til 2.- 10.-11.og 12. liðar í fundargerð stjórnar frá 25. júní sl sama efnis.

8. 41. aðalfundur SSA Vopnafirði 21.-22.sept. nk.

Rætt var um helstu framsögur aðalfundar og heiðursgest. Fyrirkomulag og dagskrá verður með hefðbundnum hætti. Drög að dagskrá mun liggja fyrir á stjórnarfundi í ágúst.

9. Bréf og önnur erindi sem borist hafa.

9/1 Bréf 27.06.07 : Efni : Málefni útlendinga á Austurl : Skrá efni i Gengi.

Bréfritarar óska eftir styrk að upphæð 1.5. millj.kr. til að skrá efni í landskerfið Gengi.

Vísa þeir til nýútkominnar skýrslu SSA “ Svona gerum við “ þar sem lögð er áhersla á mikilvægi bókasafna.

Framkvæmdastjóri lagði fram svohljóðandi tillögu.

Framkvæmdaráð SSA samþykkir að vísa erindi bréfitara til SSA dags. 27. júní 07. til verkefnisstjórnar tilraunaverkefnis Fjarðabyggðar “ Nýir íbúar á góðum stað ”til skoðunar . Samþykkt samhljóða.

Skýring : Eftirfylgnisteymi SSA á verkefninu “Svona gerum við” hefur gert samkomulag við tilraunaverkefni Fjarðabyggðar um að það visti og vinni með tillögur og úrbætur sem fram eru settar í skýrslu SSA.

Þar eru m.a. Bókasöfn og þjónusta bókasafna (bls.12).

9/2 Umhverfisnefnd MSÍ ódagsett: Eni: Akstur torfæruvélhjóla.

Lagt fram.

10. Önnur mál.

10/1 Stefnt er að ágústfundi stjórnar í 35. viku. (27,-31. ágúst)

10/2 Fundur S.Í.Sv og Sorpu 16. ágúst .

Framkvæmdastjóri kynnti fundarboðið sem er um aukið samstarf Sambandsins og fyrirtækja í eigu sveitarfélaga við hagsmunagæslu í úrgangsmálum.Mikill útgjaldavöxtur er fyrirsjánlegur í þessum málaflokki á komandi árum vegna aukinna krafan um meðferð og úrvinnslu úrgangs.

Fleira ekki tekið fyrir.

Formaður sleit því fundi kl. 17.00.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson.

Prentað af vef www.ssa.is þann 29. júlí 2010 klukkan 14:33.